

Stjórnarfundur 262

FUNDARGERÐ

Dagsetning	Fundarstaður	Nr. fundar
28.05.2021	Fundarsalur NO 4.hæð	Stjórnarfundur 262
Fundarritari	Fundartími	
Eva Hrund Einarsdóttir	08:15-10:00	
Fundarmenn	Fjarverandi	
Ingibjörg Ólöf Isaksen, Geir Kristinn Aðalsteinsson, Hlynur Jóhannsson, Helgi Jóhannesson, Eva Hrund Einarsdóttir, Halla B. Halldórsdóttir, Stefán H. Steindórsson, Friðbjörg Jóhanna Sigurjónsdóttir, Snorri Finnlaugsson		
Í fjarfundi voru		
Erla Björg Guðmundsdóttir og Vigfús Ingi Hauksson		

Stjórnarformaður Norðurorku hf, Ingibjörg Ólöf Isaksen setti fund og stjórnaði.

1. **Vistorka - aðalfundur**
2. **Reykir II - ábúðarlok**
3. **Vatnsveitur sveitarfélaga**
4. **Önnur mál**

1. Vistorka - aðalfundur

Aðalfundur Vistorku verður haldinn í dag. Fyrirtækið er 100% í eigu Norðurorku. Norðurorka telur áfram að reynslan af dreifðri aðkomu að stjórnun Vistorku hafi verið til góðs. Þannig skipi Háskólinn á Akureyri einn stjórnarmann, SSNE einn stjórnarmann, Akureyrarbær einn stjórnarmann, Orkusetur einn stjórnarmann og Norðurorka einn stjórnarmann. Tillaga kom fram um að fulltrúi Norðurorku í stjórn Vistorku verði Eva Hrund Einarsdóttir og varamenn í stjórn af hálfu Norðurorku verði Friðbjörg Jóhanna Sigurjónsdóttir og Hrönn Brynjarsdóttir. **Samþykkt.**

2. Reykir II - ábúðarlok

Eins og fram kom á seinasta fundi stjórnar, lagði Norðurorka fram ákveðna aðferðafræði gagnvart ábúðarlökum ábúenda. Annars vegar fólst hún í því að jörðin væri auglýst að nýju til ábúðar og þá með það í huga að nýr ábúandi keypti tæki og tól, hins vegar að Norðurorka greiddi ákveðna lokagreiðslu til ábúenda og þau seldu síðan sjálf þann búnað sem þeim fylgir sem og lausafjármuni. Þannig yrði ekki áfram búskapur á Reykjum II. Í báðum leiðum fólst að Norðurorka greiddi fyrir "naglfasta" uppbyggingu samkvæmt ábúðarlögum. Eftir samtöl aðila hefur sviðsmynd með lokagreiðslu verið breytt lítilega. **Gangi samningar eftir mun verða gerður ábúðarlokasamningur sem lagður verður fyrir stjórn á næsta fundi.**

3. Vatnsveitur sveitarfélaga

Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytið hefur áður birt vatnsveitum sveitarfélaga þann úrskurð sinn að vatnsgjald sé þjónustugjald og því sé vatnsveitum sveitarfélaga m.a. óheimilt að reikna sér arð af bundnu fé. Ráðuneytið hefur nú tekið málið til formlegrar umfjöllunar og hefur tekið saman formlegar leiðbeiningar til handa vatnsveitum sveitarfélaga og beinir til þeirra að yfirfara og reikna verðskrá samkvæmt ákveðinni aðferðafræði sem með fylgir. Norðurorka hefur fylgt leiðsögn Samorku í málinu sem telur enn að úrskurður ráðuneytisins sé beinlínis rangur og ekki í samræmi við vilja löggjafans við setningu lagana. Samorka dregur upp sterk rök fyrir málflutningi sínum sem í stórum dráttum er meðfylgjandi. Norðurorka á ekki annan kost en að fylgja leiðsögn ráðuneytisins fari svo að honum verði ekki hnekkt. Í þessu samhengi skal þó tekið fram að leiðsögn ráðuneytisins gildir hvað varðar aðferðafræði enda snýst ágreiningurinn einungis að túlkun aðila á hugtakinu fjármagnskostnaður og þá heimild vatnsveitna til að ákveða sér eðlilegan afrakstur af því því fjármagni sem bundið er í rekstri vatnsveitunnar. **Stjórn Norðurorku er tilbúin að skoða hlutdeild í ferli veitufyrirtækja/sveitarfélaga til að láta reyna á úrskurðinn þ.e. á túlkun ráðuneytisins á hugtakinu fjármagnskostnaður.**

4. Önnur mál

1. Eimur. Forstjóri fór yfir málarekstur á hendur Eimi vegna meints samkeppnismáls starfsmanns.

Til kynningar

2. Veitupplýsingar. Forstjóri fór yfir ýmsar rekstrarupplýsingar úr veitunum, m.a. dælingar í hitaveitu, neysluvatnsöflun, sölu á metani, gerlasýnatökur við sjávarsíðuna með meiru. Fram kom að nýjustu gerlamælingarnar í Fráveitunni, frá 21. apríl, eru meðal þeirra bestu sem mælst hafa.

Til kynningar

3. Jarðhitasvæðið á Hjalteyri. Forstjóri upplýsti að Norðurorka væri að gera upplýsandi frétt á heimasíðuna um Arnarneskerfið s.s. jarðhitanotkun, vinnslueftirlit, rannsóknir og strýturnar.

Til kynningar

4. Aðild/samstarf við KraftCert. Forstjóri upplýsti að mörg fyrirtæki Samorku m.a. Norðurorka starfi saman í svokölluðum netöryggishóp Samorku. Fyrirtækin hafa þar leitað leiða til að auka viðbrögð og öryggi sitt gagnvart netárásam. Nú hafa mörg aðildarfélög Samorku í rafmagnsdreifingu, flutningi og framleiðslu rafmagns sem og í veiturekstri ákveðið að fara í samstarf við KraftCert hvað varðar netöryggismál. Norðurorka mun að óbreyttu fylgja stærri fyrirtækjunum og treysta á leiðsögn þeirra í málinu.

Til kynningar.